

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Fífuborg

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans:	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	5
2 Um innra mat í leikskólum.....	8
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Ljósheima um starfið á síðasta ári.....	11
2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Álfheima um starfið á síðasta ári.....	14
2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Dvergheima um starfið á síðasta ári.....	19
2.4 Stutt greinargerð deildarstjóra Hulduheima um starfið á síðasta ári	24
3 Ytra mat	29
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	31
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	33
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	35
7 Foreldrasamvinna	36
8 Samstarf leik- og grunnskóla	36
8.1 Samstarf leikskóla í Rimahverfi vegna elstu barna	37
8.2 Sameiginleg eineltisáætlun fyrir leikskóla Grafarvogs	38
8.3 Samstarf við Korpúlfa	38
9 Skipulagsdagar	38
10 Fylgigögn.....	39
10.1 Matsgögn.....	39
Öll svæði	42
Útivera	42
Fínhreyfingar	42
10.2 Umsögn foreldraráðs.....	43

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megir hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

Virðing

- Við sýnum sjálfum okkur og öðrum virðingu þegar við erum umhyggjusöm. Við hjálpumst að, skiptumst á og leikum saman. Okkur líður vel þegar við erum beðin afsökunar og ef við getum sjálf beðið afsökunar.
- Við berum virðingu fyrir skoðunum og tilfinningum annarra. Það gerum við með því að hlusta á aðra án þess að grípa fram í og bíðum eftir að röðin komi að okkur. Við erum ekki öll eins en við erum öll einstök.
- Við sýnum virðingu fyrir umhverfinu með því að ganga vel um, bæði inn og úti. Það gerum við með því að ganga frá eftir okkur, fara vel með hlutina, flokka og endurnýta.

Heilbrigði

- Við stuðlum að heilbrigði með hollu mataræði og góðum hreinlætisvenjum.
- Við stuðlum að heilbrigði með góðri hreyfingu og hæfilegri hvíld. Það gerum við í hreyfistundum og með því að fara út að leika okkur og í gönguferðir. Við hvílumst og slökum á svo okkur líði vel.
- Við stuðlum að heilbrigði með því að huga að tilfinningum og líðan.

Gleði

- Við erum glöð þegar við fáum að prófa okkur áfram og uppgötva. Það gerum við með því að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín sem oftast með fjölbreyttum efniviði.
- Við erum glöð þegar við finnum að við getum og kunnum. Við hvetjum til sjálfshjálpar og sjálfstæðis.
- Gleðin er smitandi. Við sköpum jákvætt andrúmsloft með brosi, horfum á ljósu punktana og njótum augnabliksins.

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Staðan í Fífuborg á síðasta starfsári var einstaklega góð. Stöðugleiki, frábært starfsfólk og foreldrar spila þar lykilhlutverk. Kennarar með fagmenntun eru orðnir 13 talsins og einnig hafa margir starfsmenn starfað í Fífuborg í áratugi 10-25 ár. Við vorum dálítið umframmönnuð þetta ár sem skilaði sér í lágri veikindafjarveru, jafnvægi og starfsánægju sem sjá mátti í niðurstöðum starfsmannakönnunar sem gerð var í febrúar. Tveir starfsmenn fóru í barnseignarleyfi í mars og apríl og er önnur þeirra væntanleg aftur til starfa í maí.

Starfshópi Fífuborgar bauðst að taka þátt í tilraunarverkefni Reykjavíkurborgar, um styttingu vinnuvikunnar. En það þýðir að í boði er að stytta vinnuvikuna um 2-4 stundir á viku. Þetta var að sjálfsögðu mjög freistandi tilboð sem hefði verið flott ef að það hefði fylgt þessu boði að hægt væri að ráða í stöðugildi sem nemur styttingunni. Með hagsmuni barnanna í fyrirrúmi afþökkuðum við þetta tilboð sem hefði þýtt færri starfsmenn til þess að sinna þeim.

Afmæli Fífuborgar

Fífuborg varð 25 ára þann 18. janúar. Af því tilefni var haldin vinastund í sal þar sem við sungum m.a. afmælissönginn og fengum einnig góða gesti og gjafir. Aðalheiður Rögnvaldsdóttir, formaður foreldrafélagsins kom færandi hendi með gjafir frá foreldrafélagi Fífuborgar. Í pökkunum voru leikföng og spil. Ævar Aðalsteinsson, verkefnisstjóri *Miðstöðvar útivistar og útináms í Gufunesbæ* veitti okkur viðurkenningu fyrir góða umgengni í Holtinu, grenndarsvæðinu okkar. Hann færði okkur platta úr tré með áletrun. Einnig notaði hann tækifæri til að minna okkur á nágrannavináttu. Krumma (Barnasmiðjan) færði börnunum okkur góðar gjafir. Börnin borðuðu pizzu að eigin ósk í hádeginu og fengu afmælisköku í kaffinu. Foreldrum var boðið í kaffi og kökur á milli kl. 15:00 og 16:00 og gaman var að sjá hversu margir sáu sér fært að mæta. Þetta var í alla staði vel heppnaður dagur.

Drullumall og þrautir málaðar á stéttir

Starfshópurinn sett sér þau markmið fyrir þetta ár að útbúa drullumallssvæði og að auðga útiveru barnanna með því að mála þrautir á stéttirnar. Þetta gekk eftir börnunum til mikillar ánægju.

Erasmus+ samstarf við skóla í Þýskalandi

Síðastliðin þrjú ár hefur leikskólinn Fífuborg tekið þátt í Erasmus+ samstarfi við skóla í Þýskalandi. Við höfum fengið til okkar þrjá leikskólakennaranema ár hvert. Þetta sumar fengum við til tvo nema, þá Florian og Christian sem koma frá Landshut í Bæjaralandi í Þýskalandi. Þeir voru hjá okkur í 4 vikur og unnu þemaverkefni um skip með börnunum. Búin voru til skip úr ýmsum efniviði og skoðað t.d.hvaða efniviður gæti flotið. Einnig var farið í fjöruferð, á Sjóminjasafnið og varðskipið Óðinn skoðað o.fl.

Tveimur kennurum býðst að fara til Landshut í október og kynna sér starf og kennsluhætti þar. Þetta hefur verið mjög gefandi og skemmtilegt samstarf.

Þjóðhátíð Fífuborgar

Það var mikið fjör þegar Fífuborg hélt sína árlegu þjóðhátíð. Að þessu sinnu var foreldrum boðið með en samkvæmt niðurstöðum könnunar var það ósk meiri hluta þeirra að taka þátt í þjóðhátíðinni.

Ánægjulegt var að sjá hversu margir foreldrar sáu sér fært að mæta og veðrið lék við okkur. Við byrjuðum daginn á andlitsmálun og kl. 10:00 mættu foreldrar og fóru með okkur í skrúðgöngu ásamt lúðrasveit í kringum hverfið. Eftir skrúðgönguna var farið í leiki í garðinum. Drullumallssvæði Fífuborgar var formlega opnað þennan dag og klippt var á borða við hátíðlega athöfn. Foreldrar kvöddu kl. 11:00 og síðan voru grillaðar pylsur og allir fengu ís á eftir.

Heilsuefling í leikskóla

Fífuborg er heilsueflandi leikskóli. Embætti landlæknis er að innleiða þetta verkefni í alla leik- og grunnskóla. Fífuborg er í samvinnu við þá skóla sem einnig eru Heilsueflandi skólar í Rimahverfi. Það eru auk Fífuborgar, Lyngheimar, Laufskálar, Rimaskóli og Frístundarheimilið Tígrissbær. Slóð á nánari upplýsingar:


<https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item28551/Heilsueflandi-samfelag>

Erasmus+ samstarfsverkefni



2 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati leikskólans er skólastarfið metið. Matið er byggt á skólanámskrá og áherslum Fífuborgar, ásamt áherslum Skóla- og frístundarsviðs Reykjavíkurborgar. Skoðað er hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og hvaða leiðir eru farnar til að ná þeim. Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu.




Settar eru fram umbætur og endurmatsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.

- Innra mat leikskólans Fífuborgar hefur verið unnið eftir endurmatsáætlun sem sett var fram í Starfsáætlun leikskólans 2017-2018. Sú endurmatsáætlun var byggð á niðurstöðum gagna starfsársins 2016 – 2017. Þar er gert ráð fyrir endurmati starfsfólks, barna og foreldra. Endurmat starfsfólks fór fram á deildarfundum og á skipulagsdögum. Börnin endurmatu nokkra þætti starfsins og fór það fram þannig að rætt var við þau í hóp þar sem þau voru spurð m.a. um hvað þeim fannst um liðinn atburð. Börnin voru hvött áfram með opnum spurningum s.s. hvað, hvernig, hvers vegna og eins spurð að því hvort það væri eitthvað sem þau vildu gera öðruvísi. Matslistar sem stuðst hefur verið við eru heimagerðir listar um endurmat. (Matsgögn 1, bls. 39) Þá hefur endurmatshringur Fífuborgar verið notaður. (sjá bls. 9) Einnig hefur „Gátlisti um sjálfsmynd og félagsfærni“ verið fylltur út fyrir

foreldraviðtöl fyrir þau börn sem á þurfa að halda, foreldrar hafa verið beðnir um að gera einstaklingsnámskrá ásamt kennara fyrir börn sín í foreldraviðtölum að hausti þar sem gengið er út frá styrkleikum barnanna. Í foreldraviðtali eftir áramót er svo farið yfir þessar námskrár. Þá er HLIÓM-2 málþroskaskimunin lögð fyrir öll börn í elsta árgangi. Framfarir barna með annað móðurmál en íslensku eru metnar eftir þörf með hjálp leiðarvísisins *Einn leikskóli – Mörg tungumál* um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli.

Þegar starfsmenn leikskólans endurmeta þætti samkvæmt langtímaáætlun um innra mat Fífuborgar styðjast þeir við endurmatshring Fífuborgar. (Sjá mynd hér að neðan).



Námskrá Fífuborgar og deildarnámskrá hvernar deildar eru hafðar til viðmiðunar í matinu.

Langtímaáætlun um innra mat Fífuborgar 2018 - 2021

	2018-2019	2019-2020	2020-2021
Stjórnun og rekstur			
Útivera/útivistardagar			
Hallsholt/útikennsla			
Haustþema/Vorþema			
Foreldrafundir			
Valsvæði og móttaka			x
Læsi og samskipti			
Málörvun í leik	x		
Grænfáninn – lýðheilsa	x	x	
Sjálfbærni og vísindi			x
Ella endurvinnsla			
Fjölmennung			x
Skráningar			
Desember og þrettándinn			
Bóndadagur			
Námskrá, deildarnámskrá	x	x	
Ösku-, bollu-, sprengidag.			
Sköpun og menn. (litavikur)			x
Samstarf Rimaskóli/Korpúlfr			
Vínátta	x	x	
Foreldravika			
Barn vikunnar			
Heilbrigði og vellíðan			
Hlutverk starfsm. í leik		x	
Ömmu og afa kaffi			
Barnasáttmálinn			
Einingakubbar			
Könnunarleikur			
Þjóðhátíð			
Framkvæmd innra mats			

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Ljósheima um starfið á síðasta ári

Innra mat Ljósheima

Matsnefnd Fífaborgar ákvað að skoða þrjá þætti í starfinu fyrir skólaárið 2017-2018. Þeir eru útivera, vinátta og málproski og læsi.

Útivera: Á Ljósheimum förum við út fyrir hádegi alla daga nema þá daga sem börnin eru í hópastarfi sem er einn dagur í viku á veturna. Þau eru ávallt spennt fyrir útiveru og aldrei mál að fá þau til að fara út. Á veturna er yfirleitt rólegt á útisvæðinu og börnin una sér vel við leik. Þegar öll börnin á deildinni fara út fara einnig allir kennararnir út og eru þá fjórir kennarar með þeim úti sem passa að dreifa sér um garðinn. Farið var í gönguferðir eftir áramót og voru börnin alltaf mjög spennt fyrir því.



Vinátta: Ljósheimar hafa ekki unnið með vináttuverkefni Barnaheilla og bíðum við spennt eftir að það komi efni frá þeim sem er ætlað yngri börnum en áætlað er það komi veturinn 2018. Allt starfsfólk leikskólans fór á námskeið þar sem lögin sem tilheyra þessu efni voru m.a. kennd. Við ræðum þó mikið um vináttu og góð samskipti og leggjum við mikla áherslu á að kenna börnunum góð samskipti og að leiðbeina þeim hvernig þau geti leyst úr ágreiningi sín á milli á góðan hátt.

Málproski og læsi: Efling máls og læsis flettast inn í allt starf deildarinnar s.s í samverustundum, hópastarfi, við matarborðið, í fataklefa, frjálsum leik og á skiptiborðinu. Ritmál er haft sýnilegt í umhverfi barnanna og þau hafa greiðan aðgang að bókum. Reglulega þarf að endurnýja merkingar á hlutum því börnunum finnst mjög gaman að plokka þessa miða af. Unnið var markvisst með bókina



Lubbi finnur málbein. Börnin eru mjög áhugasöm um Lubba og finnst sérstaklega gaman þegar Lubbabrúðan kemur í heimsókn. Eru mjög spennt fyrir lögunum og stöfunum.

Spilastundir hafa verið seinnipart dags og eru börnin mjög áhugasöm um það og vilja yfirleitt alltaf allir spila.

Rætt er um mál og læsi í foreldraviðtölum og foreldrar fá sendan hlekk á bækling um málþroska og læsi, hlekkurinn er einnig á heimasíðu leikskólans. Einnig fá foreldrar sent skjal með hugmyndum um íslenskt efni fyrir snjalltæki.

Í vetur fengum við bókakoffort lánuð hjá Borgarbókasafninu og voru í þeim bækur bæði á íslensku og ýmsum öðrum tungumálum. Þannig hvetjum við foreldra til að lesa fyrir börnin sín.

Í síðustu starfsáætlun var rætt um að það þyrfti að útbúa útskýringar á *Málshætti mánaðarins* en það var ekki og gert og þurfum við að bæta úr því.



Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðilar	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vinna markvisst að bættri heilsu barna og starfsmanna.	Að fleiri börn og starfsmenn hafi kost á að koma hjólandi í leikskólann.	Komið er vilyrði frá borginni fyrir bættri hjólageymslu. Kynna vel fyrir börnum og foreldrum þegar það er tilbúið.	Sumar 2018	Leikskólastjóri	Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum vor 2019.	Námskrá Fífuborgar og deildarnámskrá Að fleiri starfsmenn og börn komi hjólandi.
Grænfána verkefni (þema lýðheilsa) Heilsueflan di leikskóli.	Að börnin kynnist ræktun og verði þannig viljugri að smakka og borða fjölbreyttan mat t.d grænmeti. Að nota Vináttuverkefni Barnaheilla til að kenna börnum góða félagsfærni og stuðla þannig andlegri vellíðan..	a) Rækta fljótvoxandi grænmeti fyrir sumarfrí. b) Fá fræðslu frá íslenskum garðyrkjubændum í samstarfi við Matartímann. Vinna markvisst með Vináttuverkefnið á öllum deildum.	a) Sumar 2019 b) Skólaárið 2018-2019 Skólaárið 2018-2019	a) Deildarstjórar b) Umhverfisnefnd Fífuborgar Stjórnendur og deildarstjórar	a) Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum haust 2019. b) Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum vor 2019. Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum vor 2019. Einnig er stuðst við gátlista fyrir börnin um lýðheilsu frá Landvernd. Rafræn könnun til foreldra haust 2019.	Gænfána-skýrsla (Er í vinnslu)
Að efla góða félagsfærni og að öllum börnum líði vel í Fífuborg. Vináttuverkefni Barnaheilla Að nýta tækifærin í daglegu starfi til málörvunar hjá öllum börnum	Að öll börn fái fræðslu og þjálfun í að vera góðir vinir með Vináttuverkefni Barnaheilla Að öll börn upplifi ríkt málumhverfi og fái mikla málörvun. Sérstaklega þarf að huga að börnum að erlendum uppruna.	Innleiðing á Vináttuverkefni Barnaheilla fyrir yngri börn. Starfsmenn eru meðvitaðir um að gefa hverju og einu barni tíma til samræðna í matartíma, fataklefa, samveru og hópastarfi þannig grípum við tækifærið til málörvunar í öllum þeim stundum sem gefast alla daga vikunnar.	Skólaárið 2018-2019 Starfsárið 2018-2019	Deildarstjórar	Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum vor 2019.	Námskrá Fífuborgar

	Þau börn sem sérstaklega þarf að huga að „taka 10“ það er að hver starfsmaður á deildinni reyni að tala við barnið í 10 mín á dag. Innleiðing á TRAS. Að kennarar setji orð á athafnir, hluti og tilfinningar. T.d viltu gúrku eða tómata? Ekki viltu þetta eða þetta? Að kennarar geri kröfur um að börnin svari með orðum og setningum. T.d í stað þess að benda að þau byrji á að segja orðið og svo með auknum málþroska að þau komi með lengri setningar: má ég fá vatn?					
--	---	--	--	--	--	--

2.2



Stutt greinargerð deildarstjóra Álfheima um starfið á síðasta ári

Innra mat Álfheima

Matsnefnd Fífaborgar ákvað að skoða þrjá þætti í starfinu fyrir skólaárið 2017-2018. Þeir eru útivera, vinátta og málproski og læsi.

Útivera: Á Álfheimum eru útivistardagar mánudaga og miðvikudaga eftir hádegi en jafnframt geta börnin valið um útiveru í vali alla daga. Yngri börnin á Álfheimum sem ekki eru byrjuð í *stóra vali* fara í útiveru fyrir hádegi. Börnin eru alltaf glöð með útiveru og una sér vel í leik. Álfheimar fara í útiveru með eldri deildunum og gengur það vel. Börnin fara út í göngutúra um hverfið aðra hverja viku (deildinni er skipt í tvo hópa sem skiptast á að fara og er hinn hópurinn í tónlistarstund).



Vinátta: Álfheimar hafa aðeins unnið með vináttuverkefni Barnaheilla, starfsmenn deildar hafa þá einfaldað og valið efni sem hentar fyrir aldur og þroska barnanna. Við bíðum þó spennt eftir að það komi efni frá þeim sem er ætlað yngri börnum. Allt starfsfólk leikskólans fór á námskeið þar sem lögin sem tilheyra þessu efni voru m.a. kennd. Mikið er rætt um vináttu og góð samskipti. Lögð er áhersla á að kenna börnunum góð samskipti og að leiðbeina þeim hvernig að leysa á úr ágreiningi sín á milli á góðan hátt.

Málproski og læsi: Efling máls og læsis flettast inn í allt starf deildarinnar t.d. í samverustundum, hópastarfi, við matarborðið, í fataklefa, frjálsum leik og við skiptiborð/klósettferðir. Ritmál er haft sýnilegt í umhverfi barnanna og þau hafa greiðan aðgang að bókum. Unnið er markvisst með bókina *Lubbi finnur málbein*. Börnin eru mjög áhugasöm um Lubba og finnst sérstaklega gaman þegar Lubbabrúðan kemur í heimsókn. Þau eru mjög spennt fyrir lögunum og stöfunum og er mikið rætt um stafina og hvaða



stafir séu í hvaða nöfnum. Eins er unnið með hin ýmsu málörvandi verkefni þegar unnið er með minni hópum.

Oft eru spilastundir seinnipart dags og í frjálsum leik og eru börnin mjög áhugasöm um það.



Rætt er um mál og læsi í foreldraviðtölum og foreldrar fá sendan hlekk á bækling um málþroska og læsi, sem einnig má nálgast á heimasíðu leikskólans undir *information*. Þar að auki fá foreldrar sent skjal með hugmyndum um íslenskt efni fyrir snjalltæki.

Leikskólinn fékk bókakoffort lánuð hjá

Borgarbókasafninu og hvetjum þannig foreldra til að lesa fyrir börnin sín. Skemmtilegt var að bækurnar komu bæði á íslensku og öðrum tungumálum sem töluð eru á leikskólanum.

Í síðustu starfsáætlun var rætt um að það þyrfti að útbúa útskýringar á *Málshætti mánaðarins* en það var ekki gert og þurfum við að bæta úr því.



Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðilar	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vinna markvisst að bættri heilsu barna og starfsmanna.	Að fleiri börn og starfsmenn hafi kost á að koma hjólandi í leikskólann.	Komið er vilyrði frá borginni fyrir bættri hjólageymslu. Kynna vel fyrir börnum og foreldrum þegar það er tilbúið.	Sumar 2018	Leikskólastjóri	Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum vor 2019.	Námskrá Fífuborgar og deildarnámskrá Að fleiri starfsmenn og börn komi hjólandi.
Grænfána verkefni (þema lýðheilsa) Heilsueflandi leikskóli.	Að börnin kynnist ræktun og verði þannig viljugri að smakka og borða fjölbreyttan mat t.d grænmeti. Að nota Vináttuverkefni Barnaheilla til að kenna börnum góða félagsfærni og stuðla þannig andlegri vellíðan.	a) Rækta fljótvoxandi grænmeti fyrir sumarfrí. b) Fá fræðslu frá íslenskum garðyrkjubændum í samstarfi við Matartímann. Vinna markvisst með Vináttuverkefnið á öllum deildum.	a) Sumar 2019 b) Skólaárið 2018-2019 Skólaárið 2018-2019	a) Deildarstjórar b) Umhverfisnefnd Fífuborgar Stjórnendur og deildarstjórar	a) Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum haust 2019. b) Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum vor 2019. Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum vor 2019. Einnig er stuðst við gátlista fyrir börnin um lýðheilsu frá Landvernd. Rafræn könnun til foreldra haust 2019.	Gænfána-Skýrsla (Er í vinnslu)
Að efla góða félagsfærni og að öllum börnum líði vel í Fífuborg. Vináttuverkefni Barnaheilla	Að öll börn fái fræðslu og þjálfun í að vera góðir vinir með Vináttuverkefni Barnaheilla	Innleiðing á Vináttuverkefni Barnaheilla fyrir yngri börn.	Skólaárið 2018-2019	Deildarstjórar	Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum vor 2019.	Námskrá Fífuborgar
Að nýta tækifærin í daglegu starfi til málörvunar hjá öllum börnum	Að öll börn upplifi ríkt málumhverfi og fái mikla málörvun. Sérstaklega þarf að huga að börnum að erlendum uppruna.	Starfsmenn eru meðvitaðir um að gefa hverju og einu barni tíma til samræðna í matartíma, fataklefa, samveru og hópastarfi þannig grípum við tækifærið til málörvunar í öllum þeim stundum sem gefast alla daga vikunnar. Þau börn sem sérstaklega þarf að huga að „taka 10“ Það er að hver starfsmaður á	Starfsárið 2018-2019			

	deildinni reyni að tala við barnið í 10 mín. á dag. Innleiðing á TRAS. Að kennarar setji orð á athafnir, hluti og tilfinningar. T.d viltu gúrku eða tómata? Ekki viltu þetta eða þetta? Að kennarar geri kröfur um að börnin svari með orðum og setningum. T.d í stað þess að benda að þau byrji á að segja orðið og svo með auknum málþroska að þau komi með lengri setningar: má ég fá vatn?					
--	--	--	--	--	--	--



2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Dvergheima um starfið á síðasta ári

Innra mat Dvergheima

Matsnefnd Fífuborgar ákvað að skoða þrjá þætt í starfinu fyrir skólaárið 2017-2018. Þeir eru:

- útivera,
- Vináttan
- málörvun og læsi.

Útivera: Í Fífuborg eru börnin hvött til útiveru á hverjum degi og reynt að gera útiveruna aðlaðandi fyrir börn sem sækja lítið út. Á síðasta starfsári byrjuðum við að hafa Útivistardag tvisvar í viku eftir hádegi þar sem öll börn á deildinni fara út. Þetta hefur gengið vel á Dvergheimum í vetur og er sérlega góð æfing fyrir börn sem velja ekki gjarnan út í vali. Við höfum verið duglegar að hafa eitthvað spennandi í boði í útiveru t.d. að sulla í sullukeri



með sprautum, könnum og tuskum og klifra með kaðli upp rennibrautina. Einstaka sinnum kom upp að börn sem höfðu farið út fyrir hádegi á mánudegi í vali voru of blaut til þess að fara aftur út eftir hádegi en það var leyst í samvinnu við Álfheima. Gönguferðir hafa gengið vel í vetur og lítið fallið niður. Börnin fá gjarnan að kjósa um áfangastað sem er yfirleitt einhver leikvöllur í nágrenninu eða Holtið, sem er grenndarsvæði Fífuborgar. Eftir áramót fórum við að heimilum þeirra barna sem búa í nágrenni leikskólans. Það fannst börnunum afar áhugavert og skemmtilegt. Þar sem enn var hávetur voru þetta oft krefjandi gönguferðir í skrautlegri færð. Á næsta ári munum við ekki byrja fyrr en í mars/apríl þegar færð er orðin betri.



Vináttan: Í Fífuborg notum við kennsluefni frá Barnaheillum, Vinátta, sem er forvarnarverkefni gegn einelti. Þegar nýr barnahópur kom yfir á deildina kom Blær í heimsókn og faldi lítinn hjálparbangsa handa hverju barni á deildinni. Fyrir áramót voru Vináttustundirnar á dagsskipulaginu í samverustund vikulega (1/2 hópur í hvort sinn). Stundum féllu samverustundirnar niður og einnig var tíminn knappur.

Eftir áramót breyttum við skipulaginu þannig að Vináttustundin var í hópastarfinu. Þannig varð stundin lengri og einnig var þá þrískipt. Börnin voru virkari í umræðum í minni hóp og okkur fannst

umræðurnar og fræðslan skila meiru. Einnig var meiri tími til að nýta tónlistarefnið og slökunina. Í vinnu með Vináttuverkefnið og reyndar í öllu starfi leikskólans er lýðræði mikilvægt. Að börnin æfist í að tjá sig, hlusta á aðra og hafi áhrif á þær ákvarðanir sem eru teknar í starfinu.



Eftir áramót gerðum við áttak í samskiptum á milli barnanna á deildinni. Við lögðum mikla áherslu á að skipta börnunum upp í litla hópa, hrósuðum sérstaklega fyrir góð samskipti á milli barnanna og settum skýr mörk um að óvinsamleg hegðun væri ekki liðin. Þetta var áhrifaríkt og sáum við mikinn mun til hins betra.

Að hausti var kynningarfundur fyrir foreldra um verkefnið sem heppnaðist afar vel. Einnig kynntu starfsmenn Vináttuverkefnið á sameiginlegum starfsdegi í Rimaskóla.

Málörvun og læsi: Í Fífuborg er mikil áhersla á málörvun og læsi eins og sjá má í Læsisstefnu Fífuborgar. Vinna með málið er hluti af öllu okkar starfi í leikskólanum en hér að neðan segjum við frá því helsta sem við gerðum á Dvergheimum í vetur.

Í haust unnum við markvisst með orðaforða tengdan haustinu (t.d. réttir og fé) og einnig með orð í ávaxtastund (safaríkt, stökkt, ljúffengt). Við syngjum mikið og tölum um orðin í lögnum t.d. um Grýlu (hamrar, mögur, sultur). Börn með annað móðurmál en íslensku báðu gjarnan um að syngja lög á sínu móðurmáli og við hlustuðum líka á lög frá þeirra heimalandi á youtube.



Lubbastundir féllu svolítið niður en við gerðum áttak í vor. Börnin eru ávallt áhugasöm, finnst gaman að syngja lögin og læra táknið. Einnig finnst þeim spennandi að sjá hvernig Lubbi ferðast um Ísland. Við útbjuggum spjöld með hverju hljóði fyrir sig til þess að hafa þetta myndrænna og það nær vel til barnanna. Við tengjum vinnuna með Lubba gjarnan við valstundir en þá gerum við táknið fyrir fyrstu stafina í nöfnum barnanna.

Valstundin er einmitt oft nýtt í fjölbreytta málörvun t.d. að „úlla“ spjald með ólíkum úrtalningarpulurum eða að segja heimilisfangið eða afmælisdaginn og þá vita börnin hver á að velja. Börnin læra mörg hver að þekkja stafina út frá nöfnum vina sinn á valspjöldunum.

Málörvunarstundir voru reglulega 1x viku með hvorn aldurshóp. Við unnum með hlustun, samstöfur (klappa atkvæðin), rím og samsett orð fyrir báða aldurshópa. Með eldri hópinn (2013) var meiri

áhersla á rím og samsett orð og einnig eru þau aðeins byrjuð að æfa sig að hlusta eftir fyrsta hljóði í orði. Þetta eru skemmtilegar og hvetjandi stundir og við gerum eins mikið myndrænt og hægt er.

Okkur finnst mikilvægt að sögustundir séu gæðastundir og tvískiptum hópnum ef hægt er. Við reynum að hafa þetta notalega en jafnframt áhugaverða stund. Stundum notum við leikræn tilþrif, teiknum á töfluna eða náum í sögupokana (þar sem eru leikmunir við sögurnar). Við ræðum um orð sem koma fyrir í bókum en þurfum að vinna markvissar með það t.d. með því að skrá niður eitt orð daglega.

Á deildinni reynum við hafa ritmálið sýnilegt og merktum t.d. í haust hluti á deildinni eins og ljós, borð og gluggi. Einnig skráum við gjarnan niður umræður þannig að börnin sjá að það sem þau segja er skráð niður (stundum teiknum við litlar myndir við svo þau tengi betur). Á næsta ári væri gaman að merkingar á deildinni væru á tungumálum allra barnanna sem þar dvelja.



Fastir liðir daglega er að lesa upp og ræða um hvaða börn vantar og telja þau sem eru mætt. Við förum einnig yfir myndrænt dagsskipulag og veðurfræðingur gáir til veðurs, segir hvað þarf að klæða sig í og hvaða dagur er í dag. Þannig æfum við mjög markvisst mikilvægan orðaforða sem að öll börn þurfa að hafa. Einnig byrjum við hverja samverustund á að segja hvaða dagur er og mánuður og notum þá líka tákn með tali (TMT). Einnig höfum við verið duglegar að nota TMT í matartímanum en mættum vera duglegri að æfa tákn vikunnar. Í vetur höfum við verið dugleg að rifja upp málshátt mánaðarins og eru börnin mjög áhugasöm. Við höfum einnig unnið með formin (hringur, ferningur, þríhyrningur) og líkamsheitin (við förum í rímleik: „er þetta bófi, nei þetta er LÓFI“). Starfsmenn eru einnig duglegir að setjast niður með börnunum og spila með þeim fjölbreytt spil og leggja um leið orð á hlutina.

Í haust förum við í tveimur hópum í ferð á bókasafnið í Spönginni. Í vor fengum við svo bókakoffort frá Borgarbókasafninu þar sem börnum bauðst að fá bækur lánaðar heim. Sérlega ánægjulegt var að þar voru bækur á mörgum tungumálum t.d. pólsku og finnsku. Í sumar förum við svo í verkefni þar sem börnin komu með bók að heiman og sögðu sjálf frá henni í leikskólanum.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðilar	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vinna markvisst að bættri heilsu barna og starfsmanna.	Að fleiri börn og starfsmenn hafi kost á að koma hjólandi í leikskólann.	Komið er vilyrði frá borginni fyrir bættri hjólageymslu. Kynna vel fyrir börnum og foreldrum þegar það er tilbúið.	Sumar 2018	Leikskólastjóri	Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum vor 2019.	Námskrá Fífborgar og deildarnámskrá Að fleiri starfsmenn og börn komi hjólandi.
Grænfána verkefni (þema lýðheilsa) Heilsueflandi leikskóli.	Að börnin kynnist rættun og verði þannig viljugri að smakka og borða fjölbreyttan mat t.d grænmeti. Að nota Vináttuverkefni Barnaheilla til að kenna börnum góða félagsfærni og stuðla þannig andlegri vellíðan.	a) Rækta fljótvaðandi grænmeti fyrir sumarfrí. b) Fá fræðslu frá íslenskum garðyrkjubændum í samstarfi við Matartímann. Vinna markvisst með Vináttuverkefnið á öllum deildum.	a) Sumar 2019 b) Skólaárið 2018-2019 Skólaárið 2018-2019	a) Deildarstjórar b) Umhverfisnefnd Fífborgar Stjórnendur og deildarstjórar	a) Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum haust 2019. b) Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum vor 2019. Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum vor 2019. Einnig er stuðst við gátlista fyrir börnin um lýðheilsu frá Landvernd. Rafræn könnun til foreldra haust 2019.	Gænfána-Skýrsla (Er í vinnslu)
Að efla góða félagsfærni og að öllum börnum líði vel í Fífborg. Vináttuverkefni Barnaheilla	Að öll börn fái fræðslu og þjálfun í að vera góðir vinir með Vináttuverkefni Barnaheilla	Höldum áfram á sömu braut á Dvergheimum.	Skólaárið 2018-2019	Deildarstjórar	Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum vor 2019.	Námskrá Fífborgar
Að nýta tækifærin í daglegu starfi til málörvunar hjá öllum börnum	Að öll börn upplifi ríkt málumhverfi og fái mikla málörvun. Sérstaklega þarf að huga að börnum að erlendum uppruna.	Starfsmenn eru meðvitaðir um að gefa hverju og einu barni tíma til samræðna í matartíma, fataklefa, samveru og hópastarfi þannig grípum við tækifærið til málörvunar í öllum þeim stundum sem gefast alla daga vikunnar.	Skólaárið 2018-2019	Deildarstjórar	Munnlegt endurmat með starfsmönnum og börnum vor 2019.	Námskrá Fífborgar

	Þau börn sem sérstaklega þarf að huga að,, taka 10“ þ.e. að hver starfsmaður á deildinni reyni að tala við barnið í 10 mín. á dag. Innleiðing á TRAS skráningu Að kennarar setji orð á athafnir, hluti og tilfinningar.T.d viltu gúrku eða tómata? Ekki viltu þetta eða þetta? Að kennarar geri kröfur um að börnin svari með orðum og setningum. T.d í stað þess að benda eða segja stakt orð að þau komi með lengri setningar: Má ég fá gúrku? Viltu rétta mér tomatana?				
--	--	--	--	--	--



2.4 Stutt greinargerð deildarstjóra Hulduheima um starfið á síðasta ári

Innra mat Hulduheima

Matsnefnd Fífaborgar ákvað að skoða þrjá þætti í starfinu á skólaárinu 2017-2018. Þeir eru útivera, vinátta og málörvun og læsi.

Útivera

Á Hulduheimum eru börnin hvött til útiveru á hverjum degi og reynt að gera útiveruna aðlaðandi fyrir þau börn sem sækja lítið út. Á mánudögum og miðvikudögum eru útivistadagar eftir hádegi til að efla útiveru enn meira og fara þá allir út að leika.

Á útivistardögum er starfsfólk mjög virkt og er með t.d. leiki og öðruvísi leikföng/tæki í boði t.d. hefur verið

bætt við smíðadóti sem efniviður á útivistardögum og einnig er reipi fest í rennibraut og börn nota það til að klifra upp hana. Þar að auki er farið í leiki en það þarf að efla það og minna starfsmenn á að vera virkir í því verkefni.



Vinátta

Vináttan er kennsluefni sem er hugsað sem forvarnarefni gegn einelti. Gildi kennsluefnisins eru: umhyggja, virðing, umburðarlyndi og hugrekki. Unnið er markvisst með vináttuefnið á Hulduheimum, bókin sem fylgir efninu er lesin, myndir notaðar til umræðu með börnunum, lögin sungin en slökunina þarf að nota meira í


samverustundum. Ekki hefur verið unnið eins markvisst með efnið í litlum hópum. Hjálparbangsarnir hafa verið vinsælir í leik en það mætti hvetja börnin meira til þess að nota þá s.s. til að hugga þá sem eiga bág.

Börnin á Hulduheimum tóku þátt í viðtali hjá Barnaheill (sjá heimasíðu Barnaheilla) en einnig kynntu starfsmenn Fífaborgar efnið í Rimaskóla á starfsdegi.

Við þurfum að vinna markvisst með vináttuna í litlum hópum til að koma efninu betur til barnanna sem auðveldar okkur að útskýra betur fyrir börnunum og fá hugmyndir frá þeim um efnið sem verið er að ræða. Að efla börnin í að nota hjálparbangsana til að hugga þá sem eiga bág og einnig þegar þeim sjálfum líður illa.

Málörvun og læsi

Efling máls og læsis flettast inn í allt starf á Hulduheimum, s.s. í samverustund, hópastarfi, við matarborðið, í fataklefa, útiveru, vettvangsferðum o.s.frv. Ritmál er haft sýnilegt í umhverfi barnanna og þau hafa greiðan aðgang að bókum og öðrum læsis- og ritmálsörvandi efnivið. Unnið var nokkuð markvisst með bókina *Lubbi finnur málbein* og sú vinna tengd við önnur námssvið leikskóla, s.s. myndlist og tónlist þar sem unnið er með hljóðin. Einnig er unnið er með formin, líkamsheiti, rím, hvað rímar ekki, klappa orð, setja saman orð o.fl. Þar að auki höfum við verið að grípa í alls konar spil þar sem börnin hafa spilað saman og starfmaður er til staðar. Vorum með einn spiladag fyrir áramót, þar sem við skiptum hópnum í litla hópa (4 börn í hóp) og vorum með ýmis spil í boði og starfsmaður var við hvert borð til aðstoðar og stjórna spilinum. Þetta gekk mjög vel og



mættum við skipuleggja fasta spiladaga einu sinni í mánuði með öllum hópnum.

Gengið hefur vel með málshátt mánaðarins en útskýringar á málsháttunum þurfa að vera til fyrir starfsfólk og foreldra.

Unnið er markvisst með orðaforða tengt þemavinnu og einnig er unnið með lykilorð úr sögum. Í vetur var máltjáning og frásagnarhæfni barnanna þjálfuð með því að fá börnin til þess að velja bók að heiman og segja frá henni í leikskólanum. Einnig er unnið með sögugerð, þar sem börnin koma með setningar í sögu sem er skráð og lesin jafn óðum til að þau heyrir hvað passar við framhaldið. Við mættum vera duglegri að vinna með frásagnarhæfni til að efla börnin í að tjá sig fyrir framan aðra.

Farið var með börnin í heimsókn í bókasafnið í Spöng í sögustund. Starfsfólk Hulduheima mætti vera duglegra að nota *Sögugrunninn* til þess að efla sögugerð, frásagnarhæfni og orðaforða. Einnig mætti ritmál vera enn meira sýnilegt á deildinni, s.s. að merkja fleiri hluti og skrifa orð t.d. úr Lubba-stundum eða sögum sem lesnar eru fyrir börnin.



Í vetur sendum við hugmyndir um íslenskt barnaefni fyrir snjalltæki til foreldra og einnig bækling um læsi með hugmyndum hvernig foreldrar geta eftt málproska og læsi barna sinna. Læsisbæklingurinn er einnig til á ensku og pólsku. Bókasafnið sendi okkur bókakoffort þar sem foreldrar og börn gátu valið sér bækur á hinum ýmsu tungumálum til að fara með heim og lesa saman. Koffortin voru mjög vinsæl og meirihluti barna og foreldra nýtti sér þau.



Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðilar	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vinna markvisst að bættri heilsu barna og starfsmanna.	Að fleiri börn og starfsmenn hafi kost á að koma hjólandi í leikskólann.	Komið er vilyrði frá borginni fyrir bættri hjólageymslu. Kynna vel fyrir börnum og foreldrum þegar það er tilbúið.	Sumar 2018	Leikskólastjóri	Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum vor 2019.	Námskrá Fífuborgar og deildarnámskrá Að fleiri starfsmenn og börn komi hjólandi.
Grænfána verkefni (þema lýðheilsa) Heilsueflandi leikskóli.	Að börnin kynnist ræktun og verði þannig viljugri að smakka og borða fjölbreyttan mat t.d grænmeti. Að nota Vináttuverkefni Barnaheilla til að kenna börnum góða félagsfærni og stuðla þannig andlegri vellíðan.	a) Rækta fljótvaðandi grænmeti fyrir sumarfrí. b) Fá fræðslu frá íslenskum garðyrkjubændum í samstarfi við Matartímann. Vinna markvisst með Vináttuverkefnið á öllum deildum.	a) Sumar 2019 b) Skólaárið 2018-2019 Skólaárið 2018-2019	a) Deildarstjórar b) Umhverfisnefnd Fífuborgar Stjórnendur og deildarstjórar	a) Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum haust 2019. b) Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum vor 2019. Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum vor 2019. Einnig er stuðst við gátlista fyrir börnin um lýðheilsu frá Landvernd. Rafræn könnun til foreldra haust 2019.	Gænfána-Skýrslan (er í vinnslu)
Að efla góða félagsfærni og að öllum börnum líði vel í Fífuborg. Vináttuverkefni Barnaheilla	Að öll börn fái fræðslu og þjálfun í að vera góðir vinir með Vináttuverkefni Barnaheilla	Á Hulduheimum er unnið markvisst með Vináttuverkefni Barnaheilla fyrir yngri börn.	Skólaárið 2018-2019	Deildarstjórar	Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum vor 2019.	Námskrá Fífuborgar
Að nýta tækifærin í daglegu starfi til málörvunar hjá öllum börnum	Að öll börn upplifi ríkt málumhverfi og fái mikla málörvun. Sérstaklega þarf að huga að börnum að erlendum uppruna.	Starfsmenn eru meðvitaðir um að gefa hverju og einu barni tíma til samræðna í matartíma, fataklefa, samveru og hópastarfi þannig grípum við tækifærið til málörvunar í öllum þeim stundum sem gefast alla daga vikunnar. Þau börn sem sérstaklega þarf að huga að „taka 10“ Það er að hver starfsmaður á deildinni reyni að tala við barnið í 10 mín á dag.	Starfsárið 2018-2019			

	Innleiðing á TRAS. Að kennarar setji orð á athafnir, hluti og tilfinningar. T.d viltu gúrku eða tómata? Ekki viltu þetta eða þetta? Að kennarar geri kröfur um að börnin svari með orðum og setningum. T.d í stað þess að benda að þau byrji á að segja orðið og svo með auknum málþroska að þau komi með lengri setningar: má ég fá vatn? Viltu rétt mér tómata? Ítreka við börnin að þau geti alltaf spurt um merkingu orða. Ágæt leið til að byrja samtal við barn sem er tregt til að tjá sig er að gefa þeim orð t.d. ég sé að þú ert með epli. Er það stökkt eða mjúkt? Verum vakandi fyrir tækifærum í leiknum, „smyglum“ inn orðum og hugtökum. T.d. getur þú rétt mér langa kubbinn undir stólnum? Rifjum reglulega upp hugtökin úr aldurstengdu námsskránni t.d. líkamsheiti, liti, form og staðsetningarhugtök. Það skiptir máli að spjalla mikið við börnin og „baða“ þau í orðum t.d. <u>Hengdu</u> upp úlpuna. Ég sé að þú <u>hengdir</u> upp úlpuna. Flott hjá þér að <u>hengja</u> upp sjálf! Við ætlum að setja upp myndir í fataklefa af hádegismat dagsins. Upplýsingargjöf til samræðna hjá börnum og foreldrum. Við þurfum að muna eftir að rifja upp tákn vikunnar reglulega í samverustundum. Í sögustund að skrá 2-3 niður til að ræða, skrifa þau á blað og setja á vegg til að efla umræðu um orðið og rifja upp hvað þau merkja.				
--	---	--	--	--	--

3 Ytra mat

Foreldrakannanir á vegum leikskólans

Foreldravika

Foreldravikan var 19. – 23. febrúar þetta árið og var könnun send til foreldra á vegum leikskólans vegna hennar í mars. Hún var send öllum foreldrum í rafrænu formi. Markmiðið með könnuninni var að fá fram viðhorf foreldra á Fífuborg gagnvart foreldravikunni. Um 40 manns svöruðu henni.

Í ljós kom að yfirgnæfandi meirihluta foreldra sem tóku þátt í könnuninni eða 93,5% þeirra fannst foreldravikan mjög eða frekar vel kynnt en aðeins 6,5% fannst hún hvorki vel né illa kynnt. Engum foreldra þótti hún frekar illa eða mjög illa kynnt. Um 85% svarenda mætti í heimsókn til að vera með barninu sínu í foreldravikunni. Allir þátttakendur sem mættu í heimsókn í foreldravikunni eða 100% þeirra voru mjög eða frekar ánægð með upplifun sína af heimsókninni.

Í svörum við opnu spurningunum kom aðallega fram hversu ánægðir foreldrar voru að koma og fá að vera með barninu sínu og upplifa starfið í leikskólanum.

Umbætur

- Að halda áfram á sömu braut.

Þjóðhátíð Fífuborgar

Í byrjun nóvember 2017 var send rafræn könnun til foreldra í Fífuborg til þess að kanna hug þeirra á því hvort bæta ætti við þættinum **Þjóðhátíð Fífuborgar** í foreldrasamstarfið, þ.e. að foreldrar væru þátttakendur í þjóðhátíðinni sem haldin er í miðjum júní ár hvert.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar hafði meirihluti þeirra sem tóku afstöðu áhuga fyrir því að taka þátt í henni. Því var tekin sú ákvörðun að bjóða foreldrum í Fífuborg að taka þátt í þjóðhátíð Fífuborgar þann 15. júní 2018.

Við viljum gjarnan að foreldrar geti haft áhrif á fyrirkomulag þjóðhátíðarinnar. Því var send önnur könnun til foreldra þar sem upplifun þeirra af þjóðhátíðinni var könnuð. Niðurstöður hennar sýndu meðal annars að 94,12% foreldra voru mjög ánægðir með upplifun sína og 5,88% frekar ánægðir. Spurt var um tímasetningu þjóðhátíðarinnar, þ.e. hvort foreldrar kysu frekar að þjóðhátíðin væri haldin kl. 10:00 um morguninn eða kl. 15:00 í eftirmiðdaginn. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar er lítill meirihluti (54,55%) foreldra hlynntur því að þjóðhátíðin sé haldin kl. 15:00 í

eftirmiðdaginn en 45,45% hlynntir því að hún sé haldin kl. 10:00 um morguninn eins og verið hefur undanfarin ár. Við eigum eftir að skoða hvernig það kemur út í framkvæmd þar sem margir starfsmenn hætta kl. 16:00 á daginn.

Umbætur

- Að halda þessu fyrirkomulagi að bjóða foreldrum að vera þátttakendur í þjóðhátíð Fífuborgar.
- Að skoða hvort og hvernig við útfærum það að halda þjóðhátíðna kl. 15:00 í eftirmiðdaginn.

Starfsmannakönnun

Í vetur var gerð viðhorfskönnun á meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar. Hún var gerð á vegum Skóla- og frístundarsviðs Reykjavíkurborgar. Tilgangur hennar var að fá fram viðhorf starfsfólks til ýmissa þátta, svo sem starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarhátta. Niðurstöður könnunarinnar voru mjög jákvæðar fyrir leikskólann Fífuborg.

Umbætur

- Að halda áfram á sömu braut.



4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Fífuborg starfar samkvæmt hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar og snemmtækrar íhlutunar. Barnið er fyrst og fremst leikskólabarn og er stefnt að því að mæta þörfum þess innan barnahópsins og að leikurinn sé virtur sem aðalnámsleið. Að barnið geti átt hlutdeild í leikskólastarfinu og að allir kennarar séu virkir þátttakendur í námi þess. Ef þörf er á er unnið með minni hópa og í einstaklingsþjálfun.

Ef grunur vaknar um þroskafrávik barns er lögum samkvæmt hlutast til um málið. Í samstarfi við foreldra er rætt um hvað leikskólinn getur gert til að efla þroska barnsins og matlistar, skimanir og athuganir notaðar til að greina betur stuðningsþörf. Ef þörf er á getur leikskólinn leitað eftir þjónustu sérfræðinga, félagsráðgjafa, hegðunarráðgjafa, sálfræðings og talmeinafræðings sem starfa hjá þjónustumiðstöðinni Miðgarði hjá Reykjavíkurborg og er það gert í samráði við foreldra. Sérfræðingar Miðgarðs gera formlega athugun á þroska barnsins með viðeigandi matstækjum.

- Á síðasta starfsári voru þrjú börn með skilgreindan stuðning í 2.flokki og hafa tveir aðilar haft umsjón með þeim stuðningi, stuðningsaðili sem er þroskaþjálfari og sérkennslustjóri. Auk þess eru nokkur börn sem þurftu sértæka málörvun og hefur það verið á ábyrgð deildarstjóra og deilda.
- Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun og mikilvægi þess að bregðast strax við ef grunur vaknar um málþroskafrávik. Því hefur verið tekin ákvörðun um að hefja notkun á TRAS skráningarlistanum sem er skráning á málþroska ungra barna. Listinn hjálpar til við að finna þá þætti málþroskans sem þarf að fylgjast með og ef þörf er á er gripið til markvissra aðgerða. Er þá útbúin áætlun sem allt starfsfólk deildarinnar vinnur með. Stuðst er við bókina *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna* eftir þau Ásthildi BJ. Snorradóttur, Anneyju Ágústdóttur, Bergrósu Ólafsdóttur, Margréti Þóru Jónsdóttur og Sigurð Sigurjónsson.
- Ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár er í höndum sérkennslustjóra í samvinnu við aðra fagaðila og foreldra. Einstaklingsnámskrá er sniðin að þörfum hvers barns og við gerð hennar er styrkleikar og áhugasvið þess hafðir að leiðarljósi. Markmið einstaklingsnámskrár eru metin á u.þ.b. sex til átta vikna fresti en áætlunin sjálf á þriggja til sex mánaða fresti.
- Sérkennslustjóri kynnir starf sitt og hlutverk á fundi með foreldrum nýrra barna að vori og á foreldrafundum deilda að hausti, jafnframt fá foreldrar kynningu á aðgengi og hlutverki sérfræðinga Miðgarðs og þeirri þjónustu sem þeir veita. Deildarstjórar eiga frumkvæði að því veita foreldrum fræðslu og aðstoð og að hvetja þá til að leita aðstoðar og fá fræðslu ef þörf

er á. Ef grunur vaknar um frávík í þroska er unnið í nánú samstarfi við foreldra/forráðmenn barnanna þar sem samstarf heimilis og skóla er grundvöllur í snemmtækri íhlutun, í kjölfarið eru teknar ákvarðanir um íhlutun og áframhaldandi vinnslu mála. Haldnir eru teymisfundir með foreldrum barna með stuðning á u.þ.b. 8 vikna fresti

- Helsta samstarfið er við Miðgarð og eru haldnir samráðsfundir með sérfræðingsteymi hans á 8-10 vikna fresti, þess utan geta bæði kennarar og foreldrar leitað ráðgjafar ef þörf er á. Talmeinafræðingur kemur í tvær 6-7 vikna lotur á haust- og vorönn. Í lotunum leggur talmeinafræðingur m.a. fyrir málþroskamat, heldur fundi með foreldrum, vinnur með börnum og veitir ráðgjöf. Sérfræðingar Miðgarðs hafa einnig verið með fræðslu fyrir starfsmannahópinn. Sérkennslustjórar í Grafarvogi funda að jafnaði 4-5 sinnum að vetri með sérkennsluráðgjafa Miðgarðs. Samstarf við aðrar stofnanir s.s. Greiningar-og ráðgjafarstöðina, talmeinafræðinga, HTÍ, Æfingastöðina er eftir þörfum hverju sinni.
- Sérkennslustjóri ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar ásamt leikskólastjóra. Sérkennslustjóri er faglegur umsjónarmaður sérkennslunnar í leikskólanum og ber ábyrgð á miðlun upplýsinga milli leikskólaráðgjafa og annarra sérfræðinga Miðgarðs og starfsmanna leikskólans. Þá leiðbeinir hann og veitir ráðgjöf til starfsmanna leikskólans hvort heldur sem er í daglegu starfi eða á skipulagsdögum. Sérkennslustjóri situr alla fundi er varða börn með stuðning, foreldrafundi og stjórnendafundi í leikskólanum.

Ekki var gert innra mat á sérkennslu/stuðningi á síðastliðnu ári.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðar-aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Gerð einstaklingsnámskráa	Að meta framfarir barnanna og tryggja sem bestan árangur þeirra	Að vinna einstaklingsnám skrá fyrir öll börn sem njóta sérkennslu	Skólaárið 2018-2019	Sérkennslustjóri	Skráningar á vinnu með börnunum undir umsjón deildarstjóra, stuðningsaðila og sérkennslustjóra	Farið yfir skráningar, markmið og framfarir á 6-8 vikna fresti. Stuðst er við einstaklingsnámskrá hvers barns fyrir sig varðandi markmið og leiðir
Innleiðing á TRAS skráningu á málþroska ungra barna (2ja – 5 ára)	Að fá yfirsýn yfir málþroskaferli allra barna á hverri deild Að greina málþroskafrávík snemma með snemmtæka íhlutun í huga	Leikskólakennarar fara á TRAS námskeið TRAS lagt fyrir tveggja til fimm ára börn tvisvar á ári með sex mánaða millibili (haust og vor)		Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Niðurstöður skoðaðar af deildarstjórum að loknum fyrirlögnum haust og vor	Farið yfir skráningar vorið 2019

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Í Fífuborg er unnið á ýmsan máta til þess að koma til móts við börn með annað móðurmál en íslensku. Fjármagni sem fylgir börnunum hefur verið ráðstafað með því að festa kaup á námsgögnum sem m.a. auka orðaforða þeirra, en einnig hefur fjármagni verið ráðstafað í málörvunartíma sem aðstoðarleikskólastjóri Fífuborgar hefur séð um í vetur. Fræðslu og ráðgjöf til starfsfólks hefur verið sinnt á skipulagsdögum. Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri Fífuborgar eru tengiliðir fjölmennningar í leikskólanum.



Vinna með fjölmenningarlegt leikskólastarf

- Barn vikunnar er samvinnuverkefni leikskólans og foreldra, en þá er eitt barn í brennidepli eina viku í senn yfir veturinn. Börnin fá að njóta sín sem einstaklingar og góðar umræður um mismunandi menningu skapast og hægt er að kynnast heimamenningu hvers barns, áhuga þess og styrkleika. Í vinastund sem haldin er einu sinni í viku yfir veturinn eru stundum sungin lög á erlendum tungumálum, s.s. Meistari Jakob.
- Fjölbreyttir kennsluhættir eru nýttir, s.s. Könnunaraðferðin, Söguaðferðin, þemavinna, t.d. *Við erum einstök og ólík* og *Fjölskyldan mín* og einnig ýmis konar samvinnunám og –leikir.
- Á flestum deildum eru málörvunarhópar fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.

Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi

Unnið er á markvissan hátt með alla þætti máls, s.s. orðaforða og málskilning, máltjáningu og frásagnarhæfni, hlustun og hljóðkerfisvitund, ritmál o.fl.

- Stuðlað er að ríku málumhverfi í öllu starfi leikskólans sem eflir daglegan orðaforða (grunnorðaforða). Í sögustundum á eldri deildunum er unnið með lykilorð úr sögu til að dýpka orðaforða. Einnig er orðaforði dýpkaður í þemavinnu og í vinnu með Könnunaraðferðina. Þar að auki fá börn með annað tungumál en íslensku málörvunartíma þar sem orðaforði er eflur. Öðru hvoru fáum við Bókakoffort lánuð hjá Borgarbókasafninu og þar eru bækur á öllum tungumálum barnanna í leikskólanum sem hvetur foreldra til bókalesturs.

- Máltjáning og frásagnarhæfni 4 - 6 ára barna er eflid, t.d. með því að nota *Sögugrunninn* eða með því að fá börn til þess að velja bók að heiman og segja frá henni. Einnig eru sögupokar notaðir í sögustund og í málörvunartímum til að efla máltjáningu og frásögn.
- Unnið var markvisst með bókina *Lubbi finnur málbein* á öllum deildum leikskólans, þ.e. unnið er með hljóð, framburð, tákn og tjáningu. Þar að auki er unnið með *Lærum og leikum með hljóðin* í málörvun barna með annað móðurmál en íslensku.
- Leikur og læsi er tengt saman með því að bjóða ávallt upp á læsis- og ritmálsörvandi efnivið með þemakössum, einingakubbum og holukubbum. Pappír, skriffæri, lím, skæri o.s.frv. er oftast í boði sem hvetur börnin til ritunar. Ritmál er haft sýnilegt í umhverfi barnanna og þau hafa greiðan aðgang að bókum og öðrum læsis- og ritmálsörvandi efnivið.
- Stuðlað er að virku tvítyngi barna með því að styrkja foreldra barna með annað móðurmál en íslensku í því að viðhalda móðurmálinu um leið og leikskólinn vinnur markvisst með íslenskunám þeirra. Sem fyrr segir eru fjölbreyttir kennsluhættir nýttir, s.s. Könnunaraðferðin, Söguaðferðin, þemavinna og ýmis konar samvinnunám og –leikir.
- Samskiptabækur/orðabækur, *Ljáðu mér orð* með myndum og texta á íslensku og tungumáli barna í leikskólanum með annað móðurmál en íslensku eru nýttar fyrir þau þegar þau byrja í leikskólanum.
- Stuðlað að ríku málumhverfi til að efla íslenskukunnáttu barna með annað móðurmál en íslensku svo þau geti orðið virkir þátttakendur í samfélaginu.
- Framfarir barna með annað móðurmál en íslensku eru metnar eftir þörf með hjálp leiðarvísisins *Einn leikskóli – Mörg tungumál* um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli.
- **Samskipti við foreldra barna af erlendum uppruna**
- Orðalistar, skilaboðabankar, t.d. tilkynningar, auglýsingar og kveðjur (tiltækt á heimasíðu leikskólasviðs), þýðingarvél o.fl. eru nýttar í samskiptum við foreldra barna með annað móðurmál en íslensku og sömuleiðis túlkajónusta í viðtöl þegar þess er þörf.
- Túlkajónusta er ávallt í boði og einnig er starfsfólk leikskólans sem deila sameiginlegu tungumáli með foreldrum barna með annað móðurmál en íslensku boðið og búið að aðstoða.
- Myndræn skilaboð eru notuð í leikskólanum, s.s. dagskipulag og fánar ýmissa þjóða sýnilegir og fólk boðið velkomið á mörgum tungumálum. Til stendur að taka myndir af matnum og hafa matseðil dagsins sýnilegan á myndrænan hátt í fataklefa.
- Samræður við foreldra um sameiginlega ábyrgð foreldra og leikskóla um mál og læsi barna við upphaf leikskólagöngu eiga sér ávallt stað. Efni sem þegar er til, s.s. á *Foreldravef*

Reykjavíkurborgar og Upplýsingavef Árósarborgar þar sem hægt er að finna upplýsingar um málþroska barna á mismunandi aldri á mörgum tungumálum er nýtt í þessar samræður. Foreldrum er bent á að þeir geti nálgast þessar upplýsingar á *information* hlekknum á vefsíðu leikskólans.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsmannviðtöl fóru fram í febrúar og mars og munu þau fara fram á svipuðum tíma skólaárið 2019. Viðtölin eru boðuð með góðum fyrirvara og fara fram á skrifstofu leikskólastjóra. Viðtölin eru ætluð til starfsþróunar, rætt er um líðan starfsmanna í starfi, faglegt starf leikskólans o.fl.

Í starfsþróunarsamtölum hafa starfsmenn leikskólans óskað eftir því að geta sótt námskeið um vináttu, hreyfingu, tónlist og dans, fagnámskeið 1(Mímir) fyrir byrjendur og 2 fyrir þá sem eru búnir með 1. Óskað var eftir námskeiði í TRAS sem er notað við skráningu á málþroska ungra barna og að geta sótt ráðstefnu um yngri barna starf. Von okkar er að allir geti fundið námskeið að eigin ósk og miðlað því sem þeir læra til annarra starfsmanna á skipulagsdögum eins og við höfum gert hingað til. Einnig kom fram í viðtölunum að starfsmenn eru ánægðir í Fífuborg og að allt samstaf gengur vel.

Námskeiðin sem sótt voru á þessu starfsári eru eftirfarandi: tveir starfsmenn fóru á fagnámskeið 1 á vegum Mímis og einn starfsmaður fer á námskeið 2 í janúar og 3 í apríl /maí. Einn starfsmaður fer á fagnámskeið 1. Leikskólastjóri, tveir deildarstjórar og sérkennslustjóri fóru á námskeið í TRAS. Sérkennari fór á námskeið í Apes (einstaklingsnámskrá)og einnig sótti hún Tecch námskeið (skipulögð kennsla) á greiningarstöðinni. Birte Harken kom með námskeið fyrir alla starfsmenn í tónlist, hreyfingu og dans í tengslum við Vináttuna (kennsluefni leikskólans). Aðstoðarskólastjóri,deildarstjóri og sérkennslustjóri fóru á námskeiðið uppeldi sem virkar, færni til framtíðar sem haldið var fyrir fagfólk þær héldu svo þetta námskeið fyrir starfsmannahóp Fífuborgar á skipulagsdegi. Allir fengu fyrirlestur Kolbrúnar Hrundar Sigurgeirsdóttur um sjálfsmynd, kynlífsmenningu og líðan ungs fólks.

7 Foreldrasamvinna

Síðastliðið haust var reglum samkvæmt kosið í foreldraráð og foreldrafélag Fífuborgar.

- Við leikskólann starfar foreldraráð. Í því sitja fjórir fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Ráðinu er ætlað að vera umsagnaraðilar um ársáætlun, endurmat, námskrá og annað er snertir leikskólastarfið. Kosið var í foreldraráð á foreldrafundum í október 2017. Næst verður kosið á foreldrafundum í september 2018. Haldnir voru 3 fundir í vetur og gert er ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi á næsta skólaári.
- Í Fífuborg er starfandi foreldrafélagið Fífan. Í stjórn þess sitja sjö fulltrúar foreldra. Foreldrafélagið sinnir ákveðnum verkefnum, skipuleggur uppákomur, s.s. sveitaferð og greiðir fyrir leiksýningar og jólasvein og innheimtir gjöld foreldrafélags. Eins og undanfarin ár stóð stjórn foreldrafélags Fífuborga fyrir sveitaferð, tveimur leiksýningum og skemmtilegum jólasveini í vetur.
- Foreldrum bauðst að hlusta á fyrirlestur Kolbrúnar Hrundar Sigurgeirsdóttur um sjálfsmynd, kynlífsmenningu og líðan ungs fólks.
- Búið er að setja dagsetningar fyrir foreldrafundi á skóladagatal leikskólans og verða fundirnir að öllu óbreyttu 18., 19., 20. og 21. september 2018. Ljósheimar þann 18., Álfheimar þann 19., Dvergheimar þann 20. og Hulduheimar þann 21. september.
- Foreldraviðtöl að hausti byrja 5. nóvember 2018 og foreldraviðtöl að vori byrja 11. mars 2019. Ljósheimar byrja á viðtölum, síðan Álfheimar, svo Dvergheimum og að síðustu Hulduheimar.

8 Samstarf leik- og grunnskóla

Eins og ávallt hefur samstarf við Rimaskóla verið mjög gott í vetur. Í upphafi haustannar var samráðsfundur með leikskólastjórnendum í Rimahverfi og skólastjóra Rimaskóla. Í kjölfarið fékk leikskólinn í hendurnar skipulag eða tímáætlun á heimsóknum elstu barna í skólann. Ekki er komin tímasett áætlun fyrir komandi skólaár, þ.e. 2018 – 2019, en hún mun verða tilbúin í byrjun september. Gert er ráð fyrir að hún verði með svipuðu sniði og hún var í vetur, s.e.

- Heimsókn í bókasafn Rimaskóla í október 2018
- Föstudagsfjör í desember 2018
- Danstími í Rimaskóla í janúar 2019
- Íþróttatími í Rimaskóla í nóvember 2018 og febrúar 2019

- Bekkjarheimsókn í 1. bekk í mars 2019
- Skoðunarferð um skólann í maí
- Yfir skólaárið höfum við einnig fengið heimsóknir frá Rimaskóla. Nemendur í fyrsta bekk komu í heimsókn í upphafi haustsins og nemendur í 4. bekk komu í leikskólann á *Degi íslenskrar tungu* og lásu fyrir börnin í leikskólanum. Gert er ráð fyrir að þessar heimsóknir verði með svipuðu sniði og þær voru í vetur.

Hér má finna Samstarfsáætlun leik- og grunnskóla Rimahverfis um mál og læsi:

http://fifuborg.is/images/stories/Samstarf_leik_og_grunnskola_Rimahverfis_um_mal_og_laesi.pdf

8.1 Samstarf leikskóla í Rimahverfi vegna elstu barna

Leikskólarnir þrír í Rimahverfi, Fífuborg, Lyngheimar og Laufskálar vinna sameiginlega að því að kynna barnahópa sína fyrir hver öðrum með það að markmiði að fleiri þekkist þegar grunnskólaganga hefst. Þetta samstarf byggist á nokkrum viðburðum. Elstu börn allra leikskólanna leggja mikinn metnað í að setja upp sýningar í tengslum við útskriftarathafnir barnanna. Þessar sýningar eru sýndar foreldrum á útskriftardaginn og leikskólabörnum Rimahverfis í lok maí. Einn leikskóli er gestgjafi í einu og fær til sín hina leikskólana tvo. Sett er upp sýning og að henni lokinni eru börnin hvött til að spjalla og leika. Boðið er uppá ávaxtabita.

Allur hópurinn hittist í júní á útivistarsvæði við Gufunesbæ. Starfsfólk Gufunesbæjar er með dagskrá sem leikskólakennararnir styðja við. Börnin sem nú þegar þekkjast orðið nokkuð fá tækifæri til að vinna saman að verkefnum í ólíkum hópum. Gefið er tækifæri til frjálsra leikja og snædd er máltíð með léttum brag.

Yfir vetrartímann hittast þessir hópar ásamt 1. bekk Rimaskóla í verkefnum tengdum *Heilsueflandi skólar í Grafarvogi*, farið er í vettvangsferðir og víðavangshlaup.

Að tilheyra leikskólahóp er oft krefjandi verkefni og því áskorun að takast á við að tilheyra en stærri hóp þegar komið er í 1. bekk grunnskóla. Við viljum styðja börnin og stuðla að vináttu þeirra leikskóla á milli. Við teljum aðferðir leikskólans þar sem leikurinn er í hávegum hafður tilvalinn leið til að styrkja tengsl þessara barna.

8.2 Sameiginleg eineltisáætlun fyrir leikskóla Grafarvogs

Aðstoðarleikskólastjórar í Grafarvogi hafa unnið að því að útbúa sameiginlega eineltisáætlun fyrir leikskóla í Grafarvogi. Tilgangur sameiginlegrar eineltisáætlunar er að skapa samhljóm í forvarnavinnu leikskólanna í hverfinu. Stefnt er að því að hún verði tilbúin á næsta ári.

8.3 Samstarf við Korpúlfa

Í desembermánuði hafa elstu börnin í Fífuborg farið í Borgir (félagsmiðstöð eldri borgara sem kalla sig Korpúlfa) og sungið með heldri borgurum og kórnum þeirra og einnig hafa þau sýnt Helgileik við mikinn fögnuð. Jóhann Helgason Korpúlfur kom í Fífuborg og æfði jólalögin með elstu börnunum okkar og spilaði undir á Harmonikku.

9 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í Fífuborg skólaárið 2018 – 2019

- Föstudagurinn 14. september.
- Miðvikudagurinn 17. október. Sameiginlegur starfsdagur í Rimahverfi.
- Föstudagurinn 30. nóvember.
- Föstudagurinn 11. janúar.
- Mánudagurinn 18. mars. Sameiginlegur starfsdagur í Rimahverfi.
- Föstudagurinn 24. maí. Sameiginlegur starfsdagur í Rimahverfi.

Hér má finna leikskóladagatal Fífuborgar fyrir skólaárið 2018 - 2019:

<https://fifuborg.leikskolar.is/images/stories/Skjol/Leikskoladagatal%202018-2019.pdf>

10 Fylgigögn

10.1 Matsgögn

Endurmat deilda

Gátlisti, bætið við öllu sem ykkur dettur í hug.

Tíminn frá kl. 07.30-08.00.

Móttaka barna á deild.

Morgunverður.

Frjáls leikur.

Agi.

Tilboð (hvað er boðið upp á, hverju er ábótavant), listsköpun, hlutverkaleikur, spil, leir, sull, borðleikir, gólfleikir).

Leikföng að heiman.

Frágangur deildar.

Svæðin frammi – nýting.

Pema.

Tónlist.

Sögustundir.

Söngur, hvar, hvenær.

Að hlusta á tónlist, geisladiska, útvarp, tölván. Hvar, hvenær, hversu oft.

Alstund. Hvað er gert? Náum við athygli allra?

Hvert er hlutverk:

- Stjórnandans?
- Annarra starfsmanna?

Valstund á deild.

Hvað er gert, hvers vegna, hvernig?

Hver velur fyrstur.

Veðurfræðingur.

Hádegisverðartími.

Vinnubrögð starfsmanna.

Borðsiðir.

Reglur s.s. að ljúka við matinn o.fl.

Umsjónarmenn og hlutverk þeirra.

Snyrting.

Hlutverk starfsmanns.

Á hvað leggjum við áherslu s.s. sturta niður, handþvottur, skipta um tuskur og handklæði, fara með rusl. Huga að vöskum.

Hvíldarstund.

Skipting hópsins.

Framkvæmd.

Tíminn frá hvíld fram að vali.

Síðdegishressing.

Kaffitímar starfsfólks.

Samstarf deilda.

Sérkennsla.

Tíminn frá 15.30-16.00.

Frjáls leikur frá 16.00-17.00.

Að skila af sér börnum á Ljósheima (skiladeild).

Fataherbergi.

Frágangur.

Óskilaföt.

Verkaskipting/vaktaskema.

Þátttaka barna í daglegum störfum

Að taka barn í fangið, persónuleg athygli. Fá hana örugglega allir?

Berum við virðingu fyrir Alstund og öðrum samverustundum eða erum við að spjalla á meðan þær eru?

Samskipti við foreldra.

Upplýsingamiðlun.

Afmæli barnanna.

Gönguferðir.

Að skipta út leikföngum, bókum o.þ.h.

Deildarfundir.

Könnunaraðferðin, könnunarleikurinn.

Skráningar.

Sameiginlegt endurmat

Móttakan

Hlutverk móttöku gagnvart börnunum

Virðum við markmið valsins eða viljum við stjórna vali barnanna?

Skráning.

Vald móttöku, loka svæðum, færa fólk til.

Önnur störf s.s. ýmis konar frágangur.

Af hverju myndast röð við valtöfluna? Hvað má senda börnin ört fram?

Öll svæði

Markmið svæða.

Hlutverk starfsmanns.

Hvað er boðið uppá á svæðinu.

Er boðið upp á allt, alltaf?

Fjöldi barna á svæðum.

Hvar eru börnunum sett mörk og hvernig? T.d. ef barni er vísað af svæði leysir það þá vandann eða situr næsti starfsmaður uppi með hann?

Frágangur.

Að klára val tímann. Hvað er hægt að gera með börnunum? Hvað gerum við?

Samkvæmt markmiðum okkar á barnið að fá tækifæri að velja sér verkefni sjálft?

Hvað ef barnið velur alltaf með einhverjum eða velur alltaf sama svæðið? Hvað gerum við?

Útivera

Hjól, snjóþotur.

Yfirsýn.

Stöndum við í hnapp og kjöftum?

Fínhreyfingar

Laut

Einingakubbar

Kubbasvæði

Tilraunir

Vinastund

Gönguferðadagar

10.2 Umsögn foreldraráðs

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 14. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla ber foreldraráði að veita starfsáætlun leikskóla umsögn sína, sem gefin skal út árlega og lögð er fyrir skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar til samþykktar. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans, sbr. 2. mgr. 14. gr. fyrrgreindra laga.

Stjórnarmenn foreldraráðs Fífaborgar hafa lesið drög að starfsáætlun 2018-2019 fyrir leikskólann. Er það samhljóða álit stjórnarmanna að áætlunin sé vel og faglega unnin og jafnframt heiðarleg. Ánægjulegt er að sjá að starfið sé í sífelldri þróun og að það sé endurmetið reglulega því það má alltaf gera gott betra.

Sérstaklega ber að fagna stöðugleika í starfsmannahaldi og að leikskólinn sé vel mannaður af faglegu starfsfólki en í áætluninni kemur fram að alls 13 fagmenntaðir kennarar séu nú í starfi. Ástandið hefur því batnað frá því í fyrra og verður að teljast mjög gott miðað við aðra leikskóla Reykjavíkurborgar. Þá er einnig jákvætt að starfsfólk sé hvatt til og hafi tök á að sækja námskeið á starfsdögum leikskólans.

Þá er ánægjulegt að sjá þá breytingu að í starfsáætluninni fjalli nú hver og einn deildarstjóri ítarlega um innra mat deildarinnar og þær áherslur sem gerðar hafi verið í starfinu, og einig að þar sé nefnt hvað gangi vel og hvað megi bæta.

Foreldraráðið fagnar notkun TRAS skráningarlistans á leikskólanum þar sem málproski ungra barna er skrásettur. Í starfsáætluninni er lagt til að TRAS sé lagt fyrir öll börn leikskólans með sex mánaða millibili og að leikskólakennarar Fífaborgar fari á TRAS námskeið. Mikilvægt er að fá sem fyrst úr því skorið hvort barn sýni frávík í málproska og þurfi þar af leiðandi á sérstökum stuðningi að halda.

Allar deildir leikskólans hafa það nú að markmiði að vinna með vináttuverkefni Barnaheilla en verkefnið hefur hingað til aðeins verið innleitt í eldri deildir leikskólans. Verkefnið miðar að því að kenna börnunum góða félagsfærni og er gleðilegt að sjá að yngri börn muni nú einnig hafa tækifæri til að taka þátt í verkefninu. Þá styður foreldraráðið vinnu við sameiginlega eineltisáætlun fyrir leikskóla í Grafarvogi.

Foreldraráð Fífaborgar hvetur deildarstjóra til þess að upplýsa foreldra um daglegt starf á deildunum með reglulegum tölvupóstum til dæmis í lok hverrar viku. Þá mætti leikskólastjóri einnig senda

foreldrum fréttir af og til um starfið. Telur ráðið öfluga upplýsingagjöf af hinu góða og auka gegnsæi og traust foreldra.

Loks vill stjórn foreldraráðsins minnast á að almenn ánægja virðist vera með hádegismat barnanna sem keyptur er af Matartímanum. Virðist sú framkvæmd jafnvel reynast betur en að hafa eigin kokk í eldhúsi.

Sigfríður Guðný Theódórsdóttir, formaður

Sólveig Dögg Alfreðsdóttir, varaformaður

Lilja Rún Sigurðardóttir, ritari

Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir, meðstjórnandi.

F. h. leikskólans Fífuborgar

Sæunn Elfa Pedersen

Leikskólastjóri

07.09.2018

Dagsetning

Helga Sigurðardóttir

Aðstoðarleikskólastjóri

07.09.2018

Dagsetning